



# Aukakostnaðartrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. ER21

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ER21.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggður
2. Vátryggingin gildir
3. Bótasvið
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Áhættubreyting
8. Samsömun
9. Greiðsla iðgjalds
10. Endurgreiðsla iðgjalds
11. Vátryggingarfjárhæð
12. Ákvörðun bóta
13. Eigin áhætta
14. Tvítrygging
15. Fyrning

### 1. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

### 2. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 3. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 3.1 Óhjákvæmilegan aukakostnað, s.s. húsaleigu og flutningskostnað sem vátryggður verður fyrir á bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að atvinnuhúsnæði vátryggðs verður ekki notað sökum bótaskylds tjóns á hinu vátryggða lausafé eða húsnæði sem lausaféð er geymt í vegna:
  - 3.1.1 Bruna.
  - 3.1.2 Vatns.
- 3.1.3 Innbrotspjófnaðar.

3.2 Það er skilyrði bótaskyldu samkvæmt gr. 3.1 að fyrir hendi sé hjá félaginu vátrygging á lausafé sem bætir það tjón sem leiddi til aukakostnaðar.

3.3 Bótapættir sem vátryggingin tekur til koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Vátryggingin bætir ekki:

3.4 Aukinn kostnað sem vátryggður verður fyrir eftir lok bótatímans.

3.5 Aukinn kostnað vegna dráttar á því að rekstur hefjist aftur eftir tjón vegna óeðlilegra tafa á viðgerð, vegna stækkunar á húsnæði eða annarra breytinga á fyrra húsnæði.

3.6 Aukinn kostnað sem hlýst af verkbandi, verkfalli, vélarbilun, vegna fyriræla hins opinbera eða sambærilegra atvika.

3.7 Aukinn kostnað sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða tjón vegna breytinga á markaðsstöðu vátryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.

### 4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

4.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarna- úrgangsefnis.

### 5. Varúðarreglur

5.1 Vátryggður skal sjá til þess að húsnæði sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er í húseigninni.

5.2 Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.

5.3 Vátryggður skal sjá til þess að vörubirgðir í kjöllurum séu á vörugrind eða palli og að niðurfall sé í geymsluherberginu.



5.4 Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

## 6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu verði breyting á eðli atvinnurekstrarins eða á starfsemi í næsta nágrenni við vátryggingarstað. Jafnframt skal tilkynna ef gerðar eru breytingar á húsum þannig að brunaáhætta eykst. Vanræksla á þessu getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Samsömun

Félagið getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanna einstakra muna, tækja og fasteigna.

## 9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.
- 9.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi.

## 11. Vátryggingarfjárhæð

- 11.1 Vátryggingarfjárhæð er tilgreind í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

- 11.2 Vátryggingarfjárhæðin lækkar sem nemur bóta-greiðslunum um leið og bætur eru greiddar nema vátryggingartaki greiði hlutfallslegt viðbótariðgjald sem færir vátryggingarfjárhæðir í fyrra horf fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

## 12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Félagið greiðir bætur í þann tíma sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, en þó aldrei lengur en rekstur stöðvast að meira eða minna leyti.
- 12.2 Sá aukakostnaður sem greiddur verður takmarkast við þann kostnað sem fram kemur í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og er háður samþykki félagsins hverju sinni bæði hvað varðar eðli og umfang útgjalda.
- 12.3 Greiðsla aukakostnaðar er bundin því skilyrði að starfsemi vátryggðs hefjist að nýju.

## 13. Eigin áhætta

Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.

## 14. Tvítrygging

- 14.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 14.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 14.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

## 15. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir taka gildi 1. janúar 2006.